

Tillögur um breytingar við frumvarp til laga um breytingar í skattamálum.

1. Á eftir 2. gr. komi fjórar nýjar greinar er orðist svo:
 - a. (3. gr.)
Á eftir orðinu "gengistöp" í 1. másl. 1. tölul. 31. gr. komi orðið: niðurfærslu.
 - b. (4. gr.)
Á eftir 31. gr. komi ný grein með fyrirsögn er orðist svo:
Niðurfærsla eigna
31. gr. A.
Eftirtaldir eignir má færa niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:
 1. Stofnkostnað, svo sem kostnað vegna skráningar fyrirtækis og öflunar atvinnurekstrarleyfis.
 2. Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja.
 3. Keyptan framleiðslurétt í landbúnaði.
Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna.
 - c. (5. gr.)
5. tl. 32. gr. falli niður.
 - d. (6. gr.)
Eftirfarandi breytingar verði á 7. tölul. 38. gr.:
 - a) 1. mgr. orðist svo: Keyptur eignarréttur að verðmætum, hugverkum og auðkennum og aðrar eignir sem um er rætt í 4. tölul. 32. gr., 15 - 20%.
 - b) Lokamálsgrein falli niður.
2. Við 6. gr. Við greinina bætist nýr stafliður er verði c - liður er orðist svo:
c. Í stað fjárhæðanna "3.900.000" og "5.850.000" í 4. mgr. B-liðar komi:
4.017.000 og 6.026.000.
3. Við 6. gr. Við greinina bætist tveir nýir stafliðir er verði e og f liðir er orðist svo:
e. Í stað fjárhæðarinnar "2.965.000" í 3. másl. 2. mgr. C-liðar komi: 3.054.000.
f. Í stað fjárhæðarinnar " 4.915.000" í 4. másl. 2. mgr. C-liðar komi: 5.062.000.
4. Á eftir 7. gr. komi ný grein er orðist svo:
Í stað fjárhæðanna „ 3.412.000" og „9.550.000" í 83. gr. komi: 3.514.000 og 9.837.000.
5. Við frumvarpið bætist nýr kafli, er komi á eftir X. kafla, **Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum**, með tveimur greinum er orðist svo:
 - a.(69. gr.)
Í stað fjárhæðarinnar "4.930.000" í 1. másl. a-liðar 1.mgr. 3. gr. komi: 5.078.000.
 - b.(70. gr.)
Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu sérstaks eignarskatts á árinu 1993 vegna eigna í lok ársins 1992.

I. gr.

Niðurfærsla eigna

31. gr. A.

Eftirtalдар eignir má færa niður á fimm árum:

1. Stofnkostnað, svo sem kostnað vegna skráningar fyrirtækis og öflunar atvinnurekstrarleyfa.
2. Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja.
3. *Kostnað í t. h. a. v.*
~~Keyptan~~ framleiðslurétt í landbúnaði.

Niðurfærsla samkvæmt grein þessari er heimil í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna.

II. gr.

5. tölul. 32. gr. falli niður.

III. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 7. tölul. 38. gr.:

- a) 1. mgr. 7 tölul. orðist svo: Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum og aðrar eignir sem um er rætt í 4. tölul. 32. gr., 15 - 20%.
- b) Lokamálsgrein 7. tölul. falli niður.